

Sorphirða í Dalvíkurbyggð

Tvær tunnur eru notaðar fyrir heimilissorp í Dalvíkurbyggðar. Önnur tunnan er Endurvinnslutunna en hin er undir almennt óflokkað sorp og lífrænan úrgang. Tunnan fyrir almenna úrganginn verður losuð hálfsmánaðarlega en Endurvinnslutunnan einu sinni í mánuði. Með þessari tilhögun næst mikill umhverfislegur ávinningur því búast má við ef vel tekst til að endurvinnanlegur heimilisúrgangur verði milli 40 og 50% af heildarheimilisúrgangi.

Mjög mikilvægt er að tunnunum verði komið fyrir sem næst lóðarmörkum við götu til að auðvelda losun tunnanna.

Einnig er mjög mikilvægt að rétt sé flokkað í tunnurnar tvær því mistök við flokkun geta skemmt heilu farmana af endurvinnsluefnum.

Hér á eftir eru leiðbeiningar sem gott er að hafa til marks.





Í Endurvinnslutunnuna með græna lokinu má eftirfarandi fara án plastpoka, laust, beint í tunnuna:

1. Dagblöð og tímarit.

2. Skrifstofupappír, bæklingar, umslög og ruslpóstur.

3. Pappi, sléttur pappi og bylgjupappi svo sem hreinir pizzukassar og morgunkornspakkar.

Auk þess má setja í Endurvinnslutunnuna, í plastpokum (helst glæra) sem bundið er fyrir (eina tegund í hvern poka):

4. Málma, svo sem niðursuðudósir og lok af

glerkrukkum

5. Fernur

6. Plastumbúðir, s.s. sjampóbrúsa, plastdósir undan mjólkurafurðum, plastpoka og plast með eftirfarandi merkingum:



7. Rafhlöður í **bláum sérmerktum plastpokum.**

Þessi tunna verður losuð á fjögurra vikna fresti.



Í almennu tunnuna með gráa lokinu fer almennur úrgangur sem ekki fer í Endurvinnslutunnuna með græna lokinu. Dæmi um slíkan úrgang eru:

- allar matarleifar,
- kaffikorgur,
- ryksugupokar,
- bleiur,
- glerílát,
- umbúðir úr samsettum efnum svo sem pappa og plasti,
- matarmengaður pappi og plast,
- úrgangur frá húsdýrahaldi og fl.

Þessi tunna verður losun á tveggja vikna fresti.